
1959 nr. 18 22. apríl
Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga

■ **1. gr.** Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr 75.000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.]¹⁾

b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður [dómsmálaráðherra]²⁾ að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi

dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.]²⁾

¹⁾ L. 115/1984, 1. gr. ²⁾ L. 52/1976, 1. gr.

■ **2. gr.** Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

■ **3. gr.** [Heimild þessi gildir til ársloka 1999.]¹⁾ Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

¹⁾ L. 24/1989, 1. gr.

■ **4. gr.** Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

¹⁾ Rg. 372/1976, sbr. rg. 20/1980, 86/1981, 372/1991, 330/1992, 406/1996, 587/1997 og 708/1997.